

Sp.

149. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Laxá í Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina á Brúum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fullkominn laxveg fram með fossunum hjá Brúum og láta þann kostnað teljast með útgjöldum við framhaldsvirkjun á þessum stað.

Greinargerð.

Þessi tillaga var borin fram á síðasta þingi, en málið var ekki útrætt í það sinn vegna þess, að ráðunautur ríkisstjórnarinnar í klakmálum vildi athuga staðhætti, áður en ákvörðun væri tekin. Má telja víst, að hann hafi gert það í sumari, sem leið. Nú er fullráðið, að innan skamms verði hafizt handa um mjög umfangsmikla framhaldsvirkjun hjá Brúum, svo að rafmagn frá þeirri aflstöð nægi til að bæta úr orkuþörf mikils hluta Norðlendingafjórðungs. Þarf þess vegna frá upphafi að taka tillit til þeirra mannvirkja, sem gera þarf í sambandi við fiskveginn. Laxá er fegursta fallvatn í álfunni. Alla leið frá Mývatni að ósunum hjá Laxamýri er áin hið ákjósanlegasta veiðivatn. Erlendis er talið sjálfsagt að halda góðum laxám opnum fram hjá virkjunarstöðum. Ef Laxá væri lokað fyrir laxgengd, þegar verið er að reisa þar orkuver, sem kostar tugi milljóna, mundi það síðar verða sem menningarfrankvæmd lagt á borð við það, þegar Geysir var seldur úr landi.